

Sp.

88. Tillaga til þingsályktunar

[73. mál]

um rannsókn varðandi lausn á raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga austan Mýrdalsands.

Flm.: Ragnar Jónsson, Guðlaugur Gíslason, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka til fullnustu, hvernig hagkvæmast muni vera að leysa raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga þeirra, sem búa austan Mýrdalssands, og vinna að framgangi þess máls svo fljótt sem auðið er.

Greinargerð.

Í Vestur-Skaftafellssýslu eru sjö hreppsfélög. Þar af eru tvö vestan Mýrdalsands, en fimm fyrir austan sandinn.

Hrepparnir tveir í Mýrdal, Dyrhólahreppur og Hvammshreppur, hafa þegar fengið rafmagn frá Soginu.

Hin langa leið úr Mýrdalnum til byggðanna austans Sands er án efa meginorsök þess, að raflínan er ekki komin austar en til Víkur.

Íbúar sveitanna í austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu eru því mjög afskiptir hvað raforku snertir og una því að vonum illa.

Litlar einkarafstöðvar, sem reistar voru við bæjarlækina fyrir mörgum áratugum allvíða á bæjum í héraðinu, eru flestar orðnar mjög úr sér gengnar og ófullnægjandi með öllu. Sama máli gegnir um dísilstöðvar, sem menn hafa verið að koma upp hver hjá sér. Þá eru og allmörg heimili, sem ekkert rafmagn hafa, og er þeirra hlutur vitanlega verstur.

Við flutningsmenn þessarar tillögu teljum, að við núverandi ástand verði vart unað öllu lengur. En engra úrbóta er að vænta, fyrr en fullnaðarrannsókn liggur fyrir um það, hvernig bezt verður að málinu unnið.

Engum kunnugum blandast hugur um það, að skjótra aðgerða er þörf.